



Nýkjörin stjórn ÍTF

Á aðalfundi ÍTF sem haldinn var þann 13.febrúar s.l. var kjörin ný stjórn ÍTF. Eitt framboð barst í kosningu formanns og var það frá Orra Hlöðverssni sem var því sjálfkjörinn í embætti formanns til næstu tveggja ára. Jafnframt var sjálfkjörið í embætti varaformanns og ritara og er Jón Rúnar Halldórsson varaformaður til næstu tveggja ára og Guðbjörg Fanndal Torfadóttir er ritari ÍTF. Kosið var um eitt sæti í stjórn til tveggja ára og tvö sæti til eins árs. Niðurstöður kosninga urðu að Heimir Gunnlaugsson úr Víkingi var kjörinn til tveggja ára og Baldur Már Bragason úr HK og Jónas Kristinsson úr KR voru kjörnir til eins árs.



Aðalfundurinn var vel sóttur af aðildarfélögum

Stjórn ÍTF skipa því eftirtaldir aðilar:


Formaður	Orra Hlöðversson
Varaformaður	Jón Rúnar Halldórsson
Ritari	Guðbjörg F Torfadóttir

Aðrir stjórnarmeðlimir:

Baldur Már Bragason
Heimir Gunnlaugsson
Jónas Kristinsson
Samúel Samúelsson



Uppfærðar samþykktir ÍTF



Á aðildarfélagafundi þann 17.janúar s.l. lagði stjórn ÍTF fram tillögu að nýjum samþykktum ÍTF. Fulltrúar 22 félaga voru á fundinum og urðu nokkrar umræður um tillöguna og nokkrar minni háttar breytingar voru gerðar á samþykktunum áður en þær voru bornar undir atkvæði fundarsins. Mestar umræður voru um atkvæðavægi félaga innan ÍTF en að lokum var sú tillaga samþykkt með auknum meirihluta og samþykktirnar í heild sömuleiðis.

Helstu breytingar frá fyrri samþykktum eru þær að nú eru varaformaður og ritari ÍTF kjörin sérstaklega á aðalfundi og að atkvæðamagn aðildarfélaga ræðst af fjölda þátttökuliða þeirra í Íslandsmóti karla og/eða kvenna og fer hvert lið sem tekur þátt í deildarkeppni í tveimur efstu deildum karla og/eða kvenna með eitt atkvæði.


Árþing KSÍ – tillögur ÍTF

Árþing KSÍ var haldið á Ísafirði þann 25.febrúar s.l. og voru þar nokkrar tillögur frá ÍTF lagðar fram. Samþykkt var lagabreyting þess efnis að varaformaður ÍTF geti tekið sæti í stjórn KSÍ ef formaður er forfallaður enda skuli varaformaður vera kjörinn sérstaklega á aðalfundi ÍTF. Þá var samþykkt að dómarmar og aðstoðardómarmar komi frá KSÍ í keppni A deildar 2.flokks karla og kvenna frá og með 2.lotu í Íslandsmóti sem hefst í maí en áður voru félögin ábyrg fyrir aðstoðardómurum í þessari keppni.



Sú tillaga sem hefur kannski mest verið rædd var á þann veg að sett verði inn ákvæði í reglugerð um knattspyrnuleikvanga að allir leikvellar í efstu deild karla og kvenna verði búnir flóðljósum með að lágmarki 800 lux. Ástæða þessa er að með breytingu á mótafyrirkomulagi í efstu deildum og lengingu keppnistímabilsins inn í skammdegið er mikilvægt að bregðast við og búa leikvella þannig að hægt sé að spila á þeim seinni part dags þegar líður á haustið. Erfitt hefur reynst að finna hentugan tíma fyrir leiki í seinni hluta tímabilsins og hafa leikir lent á þeim tímum sem hvorki áhorfendur né starfsmenn leikjanna hafa möguleika á að mæta á völinn.

Augljóslega fylgir þessu umtalsverður kostnaður en ÍTF hefur þegar opnað fyrir umræður um það að framkvæmdin verði að hluta a.m.k. fjármögnuð af verkefnasjóðum UEFA og mun opna á samtal við KSÍ um að svo geti orðið. Auk þess kom fram á þinginu að aðlögunarfrestur gæti verið lengri en til ársins 2026. Aðalatriðið er að koma hreyfingu á málið og leita lausna í samráði við mannvirkjanefnd og stjórn KSÍ.



Ørjan Heldal, markaðs- og kynningarstjóri Bodo/Glimt kynnti markaðsstarf félagsins

Upplifun á leikdegi – vinnufundur með aðildarfélögum ÍTF

Þann 19 janúar síðastliðinn hélt ÍTF vinnufund með yfirskriftinni „Hvernig bætum við upplifun á leikdegi“. Á fundinum fengu aðildarfélög ÍTF kynningu frá bæði innlendum og erlendum aðilum. Meðal annars var kynning á því hvernig Bodo/Glimt hagar sínum leikdögum og almennt hvað félagið er að gera í sínu markaðsstarfi.

ÍTF stefnir á að halda slíkan fund árlega þar sem markaðsmál félagana eru sett á oddinn og aukin áhersla er lögð á upplifun stuðningsmanna og annarra áhorfenda á leikdegi.

Skýrslur um veðmálamynstur á leikjum

Genius Sports er einn af stærstu samstarfsaðilum ÍTF og kaupir m.a. streymisrétt af leikjum í tveimur efstu deildunum. Veðmæti deildakeppninnar hér á landi felst ekki síst í því að afar fátítt er að hér komi upp mál er snúa að hagræðingu úrslita vegna veðmálafarfa og það er mjög mikilvægt fyrir félögin hér sem og samstarfsaðila að svo verði áfram. Í samningi við Genius Sports er m.a. ákvæði varðandi skyldur beggja aðila til þess að fylgjast með leikjum í deildakeppninni og vaktar Genius Sports veðmálamynstur á öllum leikjum í efstu deildunum og í bikarkeppninni. ÍTF fær svo skýrslur mánaðarlega frá Genius Sports þar sem fram kemur veðmálamynstur á alla leiki sem fylgst er með og aðvörun ef um eitthvað óeðlilegt er að ræða. Í þeim tilvikum sem gerðar hafa verið athugasemdir hefur komið í ljós að ekkert óeðlilegt virtist í gangi eftir ítarlegri skoðun. Þetta er mikilvægt tæki fyrir félögin og íslenska knattspyrnu í heild og hjálpar verulega til við að tryggja heiðarleika og hreinleika í fótboltanum.



Genius Sports er einn af stærstu samstarfsaðilum ÍTF



Skýrsla ÍTF um framlög til íþróttamála

Á haustdögum lét ÍTF vinna skýrslu um framlög til íþróttamála á Íslandi og kemur fram í skýrslunni ýmis samanburður og samantekt á framlögum undangenginna ára.

Í skýrslunni er helst horft til fjárframlaga til afreksíþrotta en jafnframt almennt til íþróttafélaga sem sífellt eru gerðar meiri kröfur til, m.a. í íþróttastefnu ríkisins, frá ÍSÍ og sérsamböndum. Gerður er sérstakur samanburður á framlögum ríkisvaldsins til annarra menningarþátta í samfélaginu og er t.d. vakin athygli á því að framlög ríkis til íþróttamála í heild, þ.e. bein fjárframlög m.a. í afreksjóð, íþróttasjóð, ferðasjóð og fleira, eru svipuð upphæð og ríkið leggur til í launasjóð listamanna og í heiðurslaun listamanna ár hvert.

Skýrslan hefur ekki enn verið birt opinberlega en hefur verið kynnt ýmsum hagsmunaaðilum, aðildarfélögum, ráðherrum og þingmönnum.



Greiðslur til aðildarfélaga ÍTF

Á aðalfundi ÍTF þann 13. febrúar var ársreikningur fyrir árið 2022 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 samþykkt af aðildarfélögum. Fram kemur í ársreikningi fyrir árið 2022 að greiðslur til aðildarfélaga námu um 300 milljónum króna og fer þar mest í Bestu deild karla þar sem réttindasala þeirrar deildar er sú verðmætasta. Markaðs – og auglýsingakostnaður vegna Bestu deilda karla og kvenna nam um 43 milljónum króna en áætlað er að sá kostnaður verði lægri á árinu 2023 þar sem töliverður kostnaður var við að koma nýju vörumerki af stað.



Frá heimsókn framkvæmdastjóra ÍTF, Birgis Johannssonar, til UEFA í tengslum við Elevate nám European Leagues

Erlend samskipti og þekkingaröflun

Eitt af mikilvægum verkefnum ÍTF er að vera í reglulegum samskiptum við erlenda aðila sem starfa á sama vettvangi og íslensku deildasamtökin. Framkvæmdastjóri ÍTF, Birgir Johannsson, tekur þátt í námi á vegum European Leagues sem nefnist Elevate en verkefnið er ætlað stjórnendum aðildardeilda European Leagues. Náminu er ætlað að auka skilning á núverandi stöðu og framtíðarþróun knattspyrnunnar sem atvinnugreinar, að auka sérfræðiþekkingu hvers konar, bæta tengslanet deilda innan Evrópu og öðlast þekkingu frá sérfræðingum á sviði fjölmiðlunar, skemmtanaíðnaðar, tækniíðnaðar o.fl.

Tuttugu og einn þátttakandi frá deildum í Evrópu taka þátt í verkefninu að þessu sinni, m.a. frá stærstu deildunum, Premier League, Bundesliga og La Liga, og eru viðfangsefnunum skipt í 4 svið.

- Stuðningsmenn – þátttaka, upplifun á leikdegi, aðsókn
- Stjórnarhættir – skipulag deildar, skipulag félaga, tengsl hagsmunaaðila
- Mótahald – fjöldi liða í deildum, fyrirkomulag, dagatal, reglugerð, dreifing, keppnisjafnvægi
- Viðskipti - fjölmiðlaréttindi, kostun og leyfisveitingar, tekjur á leikdegi o.fl.

Mjög mikilvægt er fyrir íslensku deildirnar að fylgjast vel með þróuninni og taka þátt í slíkum verkefnum með það að markmiði að bæta íslenskan fótbolta, auka verðmæti deildanna og bæta jafnframt upplifun stuðningsmanna og áhorfenda.



Íslandsmeistarar Vals í kvemnafllokki árið 2022 munu leika með gullmerki á ermi og sama mun karlalið Breiðabliks gera keppnistímabilið 2023.

Ýmis verkefni

ÍTF vinnur að fjölmörgum verkefnum með það að markmiði að skapa aðildarfélagunum sem best rekstrarskilyrði og stuðla að framgangi og vexti íslenskrar knattspyrnu. Hér eru nokkur dæmi um verkefni sem ÍTF hefur unnið við að undanförmu.

Lengjudeildir – framleiðsla á leikjum

ÍTF hóf samstarf við OZ Sports á síðasta ári varðandi framleiðslu á leikjum í Lengjudeildunum og nú á dögum var gengið frá samkomulagi við fyrirtækið um framhald á því samstarfi. OZ Sports býður upp á einstaka og nýstárlega lausn á útsendingum frá fótboldaleikjum, margar myndavélar og hágæða grafík án mikillar fyrirhafnar á völlum. Gert er ráð fyrir því að í ár verði allir leikir í Lengjudeildinni sendir út með þremur myndavélum og til lengri tíma lítið er ætlunin að bæta við enn fleiri myndavélum. Það verður spennandi að fylgjast með því hvernig til tekst á komandi tímabili þar sem stefna OZ Sports er að vera leiðandi í upptökum á fótboldaleikjum með sjálfvirkum myndavélum.

Nafnaréttur Lengjudeildarinnar

Íslenskar Getraunir, Lengjan, hefur keypt nafnaréttinn á deildunum undanfarið ár og unnið er að því að framlengja það samstarf til eins árs til viðbótar. Samstarfið við Lengjuna hefur verið afar gott og er ánægjulegt að báðir aðilar hafi viljað halda samstarfinu áfram varðandi Lengjudeildirnar en fyrirtækið er jafnframt samstarfsaðili Bestu deildanna.

Góðir gestir á aðalfundi ÍTF

Aðalfundur ÍTF fór fram 13.febrúar s.l. í Safamýri. Fundurinn var vel sóttur af 34 fulltrúum félaga auk góðra gesta frá annars vegar Genius Sports sem er einn helsti samstarfsaðili ÍTF og kaupandi af dataréttindum og streymi úr íslenskum fótbolda og hins vegar frá European Leagues. Jonny Katanchian frá Genius Sports var með stutta kynningu á starfsemi fyrirtækisins og tengslum þess við ÍTF og Jacco Swart frá European Leagues var jafnframt með fróðlega kynningu á því starfi sem unnið er innan raða European Leagues sem ÍTF er aðili að.

Varaliðsdeild

Nokkur umræða hefur verið um varaliðsdeild eða aðrar lausnir til þess auka krefjandi verkefni fyrir þá leikmenn sem fá ekki næg verkefni í meistaraflokki í hefðbundnu fyrirkomulagi. Starfshópur um varaliðskeppni hjá meistaraflokki kvenna var skipaður á síðasta ári og skilaði af sér skýrslu til stjórnar KSÍ í janúar s.l. án tillögu um útfærslu á varaliðskeppni. Karlamegin hefur verið rætt um ýmsar útgáfur en nú hefur verið samþykkt af félagunum í tveimur efstu deildunum að stofna til varaliðskeppni til hliðar við hefðbundna deildarkeppni.

Íslandsmeistaramir leika með gullmerki á ermi

Öllum liðum í Bestu deildunum ber að leika með merki deildarinnar á annarri ermi búningans en sú nýbreytni verður tekin upp tímabilið 2023 að Íslandsmeistarar fyrra árs leika með gulllitað merki deildarinnar. Kvennalið Vals og karlalið Breiðabliks munu því leika með gullmerki deildarinnar tímabilið 2023.